

REGLUR**197**

27. nóv.

um úhlutun örorkustyrkja.**1. gr.**

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta allt að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar samkvæmt mati tryggingayfirlæknis. Hámarks upphæð styrks til þeirra umsækjenda, sem ekki hafa börn innan 16 ára á framfæri sínu, má nema 75% fulls lífeyris. Til þeirra, sem hafa börn á framfæri innan 16 ára, er heimilt að úthluta viðbót, þannig, að hún ásamt fjölskyldubótum, verði eigi hærri en barnalífeyrir.

Ekki skal úrskurða örorkustyrk til þeirra, sem eru í fullaunuðu starfi, nema örorkan hafi í för með sér verulegan aukakostnað, svo sem umsækjanda sé nauðsynlegt að hafa bifreið til að komast að og frá vinnustað.

Ekki skal úrskurða húsmóður örorkustyrk, nema að sannað þyki að um verulegan aukakostnað sé að ræða við heimilishaldið vegna örorku hennar, svo sem aðkeypta húshjálp, eða atvinnumissi fyrirvinnunnar af þeim sökum.

2. gr.

Við úthlutun styrkja skal höfð hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda og maka hans undanfarin 2 ár.
2. Örorkustigi umsækjanda með tilliti til þess starfs er hann stundar, eða kostur er á.
3. Fjölda barna umsækjanda innan 16 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og ekki greiðist með barnalífeyrir.

3. gr.

Umsóknir skulu sendar viðkomandi umboðsmanni — í Reykjavík aðalskrifstofunni —, sem framsendir síðan umsóknirnar ásamt athugasemdum sínum og meðmælum aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Reglur þessar eru settur samkv. 14. gr. laga, um almannatryggingar nr. 24/1956, og staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1961.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.